

**ÁRSSKÝRSLA
HÆSTARÉTTAR ÍSLANDS
2011**

Inngangur

Hér gefur að líta ársskýrslu Hæstaréttar Íslands. Í henni er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins á árinu 2011. Eins og undanfarin ár er skýrslan einungis birt á heimasíðu réttarins.

Í janúar 2012


Þorsteinn A. Jónsson
skrifstofustjóri
Hæstaréttar Íslands

Ný mál árið 2011

Að neðan gefur að líta yfirlit yfir fjölda þeirra mála sem bárust Hæstarétti á árinu 2011. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 2005-2010. Málunum er annars vegar skipt í áfrýjuð mál, sem flutt eru munnlega fyrir réttinum, og kærumál, sem eru yfirleitt skriflega flutt. Hins vegar er málunum skipt eftir því hvort um er að ræða einkamál eða sakamál.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Áfrýjun:							
Einkamál	265	294	284	256	317	216	252
Sakamál	88	97	92	106	96	88	74
Kæur:							
Einkamál	129	131	121	147	155	206	227
Sakamál	71	151	175	188	214	216	151
	553	673	672	697	782	726	704


Á síðasta ári fækkaði skráðum málum frá árinu áður um 22 og er fjöldi skráðra mála 21 fleiri en meðaltal árunna 2005 til 2010. Áfrýjuðum sakamálum fækkar frá fyrra ári og hafa þau ekki verið færri frá árinu 2002. Mesta athygli vekur að kærur í einkamálum heldur áfram að fjölga og eru slík mál 90 fleiri eða 66% en meðaltal árunna 2005 til 2009. Kærur í sakamálum fækkar um 65 eða 30% frá fyrra ári. Slík mál hafa ekki verið færri frá árinu 2005.



Dómar á árinu 2011

Hér að neðan er að finna yfirlit um fjölda dæmdra mála í Hæstarétti á árinu 2011. Til samanburðar eru birtar tölur fyrir árin 2005-2010. Er máluum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærúmál.

	2005	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Áfrýjun:							
Dómar í einkamálum	190	206	188	206	205	240	193
Dómar í sakamálum	94	78	102	101	93	81	71
Kæurur:							
Dómar í einkamálum	132	120	131	147	145	181	243
Dómar í saka- málum	71	154	169	176	211	208	142
	487	558	590	630	654	710	649



Alls var meðferð 649 mála lokið á árinu, og eru dómar 61 færri en á árinu 2010 og 65 fleiri en meðaltal árunna 2005 - 2009. Af 264 munnlega fluttum málum voru 68 mál

flutt fyrir 5 dómurum en 196 mál voru flutt fyrir 3 dómurum. Dómarar skiluðu sératkvæði 14 sinnum á árinu í munnlega fluttum málum. Í sératkvæðum sínum skiluðu dómarar 12 sinnum annarri efnislegri niðurstöðu og 2 sinnum annarri niðurstöðu að hluta. Á árinu voru 22 kærsmål flutt munnlega, 12 mál fyrir 7 dómurum og 10 mál fyrir 5 dómurum. Munnlega flutt kærsmål hafa aldrei verið fleiri. Í kærsmálum skiluðu dómarar 36 sinnum sératkvæðum og var 35 sinnum um aðra niðurstöðu að ræða og einu sinni önnur niðurstæða að hluta.


Skipting dæmdra mála eftir málsúrslitum á árinu 2011

Eftirfarandi er skipting dæmdra mála á árinu 2011 eftir málsúrslitum. Er málunum sem fyrr skipt í áfrýjuð mál og kærumál.

Áfrýjun


Einkamál

Heildarfjöldi áfrýjaðra einkamála sem dæmd voru á árinu 2011 er 193 mál. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 98 málum. Í 28 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að einhverju leyti og í 50 málum var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Í 17 tilvikum var málum vísað frá, eða héraðsdómur ómerktur.




Sakamál

Alls voru dómar í áfrýjuðum sakamálum 71 á árinu 2011. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 26 málum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að einhverju leyti í 22 málum og eru þar með taldar breytingar á refsingum. Í 12 málum til viðbótar var niðurstöðu héraðsdóms breytt að verulegu leyti eða snúið við. Í 11 tilvikum var héraðsdómur ómerktur eða málum vísað frá héraðsdómi eða Hæstarétti.



Kærum

Alls voru kveðnir upp dómar í 389 kærumálum á árinu 2011. Þar af var niðurstaða héraðsdóms staðfest í 287 málum. Niðurstöðu héraðsdóms var breytt að verulegu leyti eða snúið við í 49 málum og 53 málum var vísað frá héraðsdómi eða Hæstarétti eða meðferð þeirra ómerkt.



Ódæmd mál 31. desember 2011

Áfrýjanir

Eftirfarandi er yfirlit yfir ódæmd mál sem áfrýjað hafði verið til Hæstaréttar fyrir 31. desember 2011. Til samanburðar eru tölur frá árunum 2007 - 2010.

Ódæmd mál 31. desember	2007	2008	2009	2010	2011
---------------------------	------	------	------	------	------

Áfrýjun

Einkamál:

Alls ódæmd	164	150	185	125	138
-------------------	-----	-----	-----	-----	-----

Par af:

Frestað til flutnings	111	101	120	96	85
Frestað til þingfestingar eða greinargerðar	53	49	65	29	53

Sakamál:

Alls ódæmd	45	44	43	40	38
-------------------	----	----	----	----	----

Par af:

Tilbúin til flutnings	18	11	18	23	18
Ágrip ekki komið	27	33	25	17	20

Fjöldi ódæmdra einkamála í árslok hefur fjölgað um 13 frá árinu 2010, en eru 18 færri en meðtal árána 2007 – 2010. Ódæmd sakamál eru tveimur færri en í árslok 2010.

Kæror

Eftirfarandi er yfirlit yfir ódæmd kærumál sem skotið hafði verið til Hæstaréttar fyrir 31. desember 2011. Til samanburðar eru tölur frá 2010.

Ódæmd mál 31. desember	2010	2011
------------------------	------	------

Kæror:

Alls ódæmd	33 mál	20 mál
-------------------	--------	--------

Áfrýjunarleyfi

Heimildir til áfrýjunar mála til Hæstaréttar er að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XXXI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Almenn er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. Eru það einkum mál sem varða lágar fjárhæðir (á árinu 2011 var miðað við mál sem vörðuðu fjárkröfur eða sektir lægri en 669.938 krónur) sem sæta takmörkunum að þessu leyti. Getur Hæstiréttur þó heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum. Eftirfarandi er yfirlit yfir fjölda mála þar sem áfrýjun var heimiluð sérstaklega af Hæstarétti á árinu 2011. Til samanburðar eru tölur frá árunum 2006-2010.

Ár:	2006	2007	2008	2009	2010	2011
Fjöldi beiðna	35	69	55	70	57	35
Samþykkt	12	18	17	28	29	7
Hafnað	21	48	32	33	25	18
Afturkallað/óafgreitt	2	3	6	9	3	10

Endurupptaka mála

Niðurstöður héraðsdóma sem ekki hefur verið áfrýjað og mála sem dæmd hafa verið í Hæstarétti verða því aðeins endurskoðaðar, að Hæstiréttur ákveði að málið skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almennt skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXXII. og XXXIII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og XXVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Frá fyrra ári voru 3 beiðnir óafgreiddar. Á árinu 2011 bárust Hæstarétti 11 beiðnir um endurupptöku óáfrýjaðra héraðsdóma og hæstaréttardóma. Til meðferðar voru því 14 beiðnir og af þeim var 1 samþykkt en 8 hafnað. Í árslok biðu 5 beiðnir afgreiðslu.

Dómarar

Frá stofnun Hæstaréttar hafa 47 menn verið skipaðir í embætti hæstaréttardómara. Þar af voru 4 dómarar skipaðir 2010 - 2011. Á árunum 2000 – 2009 voru 6 dómarar skipaðir í embætti, 16 dómarar á árunum 1980-1999, 10 dómarar á árunum 1960-1979, en einungis hlutu 11 dómarar skipun á þeim 40 árum sem liðu frá stofnun réttarins árið 1920 til ársins 1959. Helgast þessi fjölgun á skipunum hæstaréttardómara meðal annars af því að reglur um fjölda hæstaréttardómara hafa breyst í gegnum tíðina. Þegar Hæstiréttur Íslands var stofnaður skyldi dómstjóri og fjórir meðdómendur skipa dóminn. Mátti þá eigi setja dóm með færri dómendum en fimm. Dómurum við Hæstarétt var fækkað í þrjá með lögum nr. 37/1924. Með lögum nr. 111/1935 var dómurum aftur fjölgað í fimm, en þeir skyldu þó aðeins vera þrír, þangað til fé yrði veitt í fjárlögum til fjölgunar dómurum. Komst það til framkvæmda 1945. Dómurum var fjölgað með lögum nr. 42/1973 í sex, en fimm dómarar skyldu þá skipa dóm. Þó var heimilt að þrír dómarar dæmdu í málum við tiltekin skilyrði. Með lögum nr. 24/1979 var dómurum fjölgað í sjö og með lögum nr. 67/1982 var dómurum fjölgað í átta. Með lögum nr. 39/1994 var dómurum síðan fjölgað í níu. Með lögum nr. 12/2011 var dómurum fjölgað tímabundið í tólf. Á árinu 2011 höfðu eftirtaldir dómarar fasta skipun í embætti hæstaréttardómara:

Árni Kolbeinsson hæstaréttardómari
Eiríkur Tómasson hæstaréttardómari (frá 1. september 2011)
Garðar Gíslason hæstaréttardómari
Greta Baldursdóttir hæstaréttardómari (frá 1. september 2011)
Gunnlaugur Claessen hæstaréttardómari (í leyfi frá 10. nóvember 2011)
Ingibjörg Benediksdóttir hæstaréttardómari
Jón Steinar Gunnlaugsson hæstaréttardómari
Markús Sigurbjörnsson hæstaréttardómari
Ólafur Þörkur Þorvaldsson hæstaréttardómari
Páll Hreinsson hæstaréttardómari (í leyfi frá 1. september 2011 til 31. desember 2014)
Viðar Már Matthíasson hæstaréttardómari
Þorgeir Örlygsson hæstaréttardómari (frá 1. september 2011).

Benedikt Bogason dómstjóri var settur hæstaréttardómari frá 1. nóvember 2011
Helgi I. Jónsson, dómstjóri var settur hæstaréttardómari frá 10. nóvember 2011.

Á árinu 2011 var Ingibjörg Benediksdóttir forseti Hæstaréttar, en Garðar Gíslason varaforseti réttarins.

Aðrir starfsmenn Hæstaréttar

Á árinu 2011 störfuðu alls 18 aðrir starfsmenn hjá Hæstarétti Íslands.
Ágúst Þór Gunnarsson dómvörður (23. maí til 19. ágúst 2011)
Arnaldur Hjartarson aðstoðarmaður hæstaréttardómara (frá 29. apríl 2011)
Ásta Sveinsdóttir ritari (frá 1. september 2011)
Björn Hólm Magnússon dómvörður (frá 1. september 2011)
Fanney Rós Þorsteinsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardóma (frá 1. maí til 9. ágúst 2011)
Grétar Sæmundsson dómvörður (til 6. júní 2011)
Guðlaug Jónasdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara (frá 7. september 2011)
Gunnar Páll Baldvinsson aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Hanna María Harðardóttir ritari (til 27. júlí 2011)
Hólmfríður Grímsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Jakóbína Sveinsdóttir bókasafnsfræðingur
Jónas Marteinnsson dómvörður
Kristín Ísleifsdóttir ritari
Marín Ólafsdóttir aðstoðarmaður hæstaréttardómara (til 17. maí 2011)
Selma Antonsdóttir ritari
Sólveig Bjarnadóttir bókasafns- og upplýsingafræðingur (frá 1. október 2011)
Valgerður Sólnes aðstoðarmaður hæstaréttardómara
Þorsteinn A. Jónsson skrifstofustjóri

Varadómarar

Eftirtaldir varadómarar voru kallaðir til starfa á árinu 2011:

Benedikt Bogason dómstjóri
Eggert Óskarsson héraðsdómari
Halldór Björnsson dómstjóri
Helgi I. Jónsson dómstjóri
Hjördís Hákonardóttir fyrrverandi hæstaréttardómari
Ólafur Ólafsson dómstjóri
Símon Sigvaldason héraðsdómari

Heimasíða Hæstaréttar

Dómar Hæstaréttar hafa verið aðgengilegir almenningi á heimasíðu réttarins frá janúar 1999. Í upphafi árs 2004 voru gerðar breytingar á heimasíðunni með það að markmiði að auðvelda og einfalda aðgengið enn frekar. Var það einkum gert með því að bæta leitarvélina á síðunni auk þess að gera dagskrá réttarins og nýja dóma aðgengilega á forsíðu hennar. Útliti síðunnar var af þessu tilefni breytt en haldið í sömu efnisþætti og verið höfðu. Sem fyrr er ýmis konar upplýsingar sem varða starfsemi réttarins að finna á síðunni. Þá prýða síðuna fjöldi ljósmynda af dómhúsinu.

Dómasafn Hæstaréttar

Samkvæmt 2. mgr. 11. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla skulu dómar Hæstaréttar gefnir út, en um tilhögun útgáfunnar fer eftir ákvörðun Hæstaréttar að fengnu samþykki ráðherra. Dómasafn Hæstaréttar var gefið út á prenti frá því rétturinn tók til starfa árið 1920 og til 2006. Vegna kostnaðar og fárra áskrifenda er óvissa um framhald á útgáfu dóma réttarins í prentuðu formi. Eins og fram hefur komið eru dómar Hæstaréttar frá 1. janúar 1999 einnig birtir á vefsíðu réttarins.

Bæklingur Hæstaréttar

Gefinn er út á vegum Hæstaréttar litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og dómhús við Arnarhól kynnt. Bæklingurinn er gefinn út á íslensku og ensku og er fánlegur endurgjaldslaust á skrifstofu Hæstaréttar.

Ársskýrsla Hæstaréttar

Á vegum Hæstaréttar voru á árunum 1999 – 2004 gefnar út prentaðar ársskýrslur, en þar er að finna upplýsingar um starfsemi réttarins fyrir hvert ár. Þessar ársskýrslur er einnig að finna á heimasíðu réttarins. Frá árinu 2005 hefur ársskýrslan ekki verið gefin út í prentuðu formi heldur einungis birt á heimasíðu réttarins.

Prófmál

Samkvæmt lögum nr. 77/1998 um lögmenn, sbr. lög nr. 93/2004, skal sá sem öðlast vill réttindi til að vera hæstaréttarlögmaður m.a. sýna fram á það með prófraun, sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála, sem flutt eru í Hæstarétti fyrir fimm eða sjö dómurum, þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin. Þetta fyrirkomulag öðlaðist gildi 1. nóvember 2004. Á árinu 2011 fluttu 34 prófmenn alls 60 prófmál.

Á árinu 2011 luku 12 héraðsdómslögmenn prófraun fyrir Hæstarétti.

Gestakomur

Á hverju ári koma fjölmargir gestir í heimsókn í húsnæði Hæstaréttar til að hlusta á málflutning, vera viðstaddir dómsuppsögu, til að skoða húsnæði réttarins eða koma í heimsókn í skipulögðum hópum sem fá leiðsögn þar sem húsnæði réttarins er sýnt og sagt frá starfsemi réttarins. Á árinu 2011 voru þessir gestir 1774. Hér eru ekki taldir málflytjendur eða aðrir sem eiga erindi við afgreiðslu réttarins eða starfsmenn.

Tilnefningar

Á hverju ári tilnefnir Hæstiréttur Íslands í stjórnir, ráð og nefndir á grundvelli laga. Eftirfarandi er yfirlit yfir tilnefningar og skipanir réttarins á árinu 2011.

18. janúar 2011

Úrskurðarnefnd almannatrygginga – ad hoc.

Yngvi Ólafsson læknir, aðalmaður

19. janúar 2011

Úrskurðarnefnd skv. 31. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Aðalmaður:

Steinunn Hólm Guðbjartsdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður

Varamaður:

Ása Ólafsdóttir hæstaréttarlögmaður

18. apríl 2011

Kærunefnd jafnréttismála.

Aðalmenn:

Erla S. Árnadóttir hæstaréttarlögmaður, formaður

Björn L. Bergsson hæstaréttarlögmaður, varaformaður

Pórey S. Þórðardóttir hæstaréttarlögmaður

Varamenn:

Grímur Sigurðsson hæstaréttarlögmaður

Guðrún Björg Birgisdóttir hæstaréttarlögmaður

Arnar Þór Jónsson hæstaréttarlögmaður

19. maí 2011

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála – ad hoc.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari, aðalmaður

19. maí 2011

Matsnefnd skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

Aðalmaður:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Varamaður:

Ragnheiður Harðardóttir héraðsdómari

24. maí 2011

Fjölmiðlanefnd.

Aðalmenn:

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hæstaréttarlögmaður

Þorgerður Erlendsdóttir héraðsdómari

Varamenn:

Marteinn Másson hæstaréttarlögmaður
Hulda Árnadóttir hæstaréttarlögmaður

9. júní 2011

Úrskurðarnefnd almannatrygginga.

Aðalmaður:

Friðjón Örn Friðjónsson hæstaréttarlögmaður, formaður

Varamaður:

Kristín Benediktsdóttir héraðsdómslögmaður

19. júlí 2011

Dómnefnd skv. 3. mgr. 12. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998.

Aðalmaður:

Eiríkur Tómasson hæstaréttardómari

25. ágúst 2011

Úrskurðarnefnd skv. 13. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Aðalmaður:

Jóhannes Karl Sveinsson hæstaréttarlögmaður

7. nóvember 2011

Úrskurðarnefnd skv. 13. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar.

Varamaður:

Jón Höskuldsson héraðsdómari

2. desember 2011

Áfrýjunarnefnd samkeppnismála – ad hoc.

Ingveldur Einarsdóttir héraðsdómari, aðalmaður

6. desember 2011

Úrskurðarnefnd lögmannna – ad hoc.

Óskar Sigurðsson hæstaréttarlögmaður aðalmaður

9. desember 2011

Lífeyrissjóður bænda.

Varamaður:

Ívar Pálsson hæstaréttarlögmaður

Almennar upplýsingar

Samkvæmt 10. gr. dansk-íslensku sambandslaganna nr. 39/1918 skyldi Hæstiréttur Danmerkur hafa á hendi æðsta dómshald í íslenskum málum, þar til Ísland kynni að ákveða að stofna æðsta dómshald í landinu sjálfu. Þessi heimild var notuð umsvifalaust og var Hæstiréttur Íslands stofnaður með lögum nr. 22/1919 um hæstarétt. Samhliða því að dómshald Hæstaréttar Danmerkur var afnumið var Landsyfirrétturinn, sem settur hafði verið á stofn árið 1800, lagður niður og hafa dómstigin í landinu síðan verið tvö. Hæstiréttur Íslands tók til starfa 16. febrúar 1920.

Um Hæstarétt er nú kveðið á í lögum nr. 15/1998 um dómstóla. Samkvæmt 1. gr. laganna er Hæstiréttur Íslands æðsti dómshald ríkisins. Hann er áfrýjunardómshald og hefur aðsetur í Reykjavík. Heimilt er þó að halda dómþing annars staðar sé til þess sérstök ástæða. Þar sem Hæstiréttur er áfrýjunar- eða málskotsdómshald felast verkefni hans einkum í því að endurskoða dómshald héraðsdómshaldanna, sem eru alls átta talsins. Aðrir dómshald eru Félagsdómur og Landsdómur og verður úrlausnum þeirra yfirleitt ekki skotið til Hæstaréttar.

Málum verður skotið til Hæstaréttar með tvenns konar hætti: Annars vegar með áfrýjun máls, hins vegar með kæru. Með áfrýjun er átt við það, að lokaúrlausn héraðsdóms, sem venjulega er í formi dóms, sé skotið til Hæstaréttar til endurskoðunar. Til þess að máli verði áfrýjað þarf að vera fyrir hendi heimild til þess í lögum og er áfrýjunarheimildirnar að finna í XXV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XXXI. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í lögunum eru áfrýjunarheimildirnar skilgreindar neikvætt á þá leið, að almennt er heimilt að áfrýja máli nema sérstök atvik eigi við. eru það einkum mál sem varða lágar fjárhæðir sem sæta takmörkunum að þessu leyti, en Hæstiréttur getur þó einnig heimilað áfrýjun slíkra mála að nánar tilteknum skilyrðum fullnægðum.

Með kæru er almennt átt við það, að úrlausn héraðsdómshalds, sem ekki bindur enda á mál að efni til og yfirleitt er í formi úrskurðar eða ákvörðunar, sé skotið til Hæstaréttar. Hér má til dæmis nefna úrskurði héraðsdómara um hvort hann víki sæti í máli og úrskurði um gæsluvarðhald. Í sumum tilvikum verður þó endanlegum úrlausnum héraðsdómshalds skotið til Hæstaréttar með kæru, en ekki með áfrýjun, einkum úrlausnum sem varða gildi svokallaðra fullnustugerða sýslumanna, t.d. aðfarargerða og nauðungarsölu. Heimildir til kæru er einkum að finna í XXIV. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og XXX. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, en einnig í ýmsum sérlögum, t.d. lögum nr. 90/1989 um aðför og lögum nr. 90/1991 um nauðungarsölu.

Áfrýjuð mál eru almennt flutt munnlega fyrir Hæstarétti. Eftir ákvörðun forseta Hæstaréttar taka þrjú eða fimm dómara við Hæstarétt þátt í meðferð máls fyrir dómi. Í sérstaklega mikilvægum málum getur forseti þó ákveðið að fleiri dómara skipi dóm. Meðferð kærumála er mjög frábrugðin meðferð áfrýjaðra mála. Felast frávikin aðallega í því að málsmeðferð er yfirleitt skrifleg og gengur mun skjótar fyrir sig en ella.

Dómar Hæstaréttar eru endanlegir og verður þeim ekki skotið til neins annars dómstóls. Mál sem dæmt hefur verið í Hæstarétti verður því aðeins endurskoðað, að Hæstiréttur ákveði að málið skuli endurupptekið og tekið til meðferðar að nýju. Heimildum til endurupptöku mála er almennt skorinn nokkuð þröngur stakkur og er þær að finna í XXXIII. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og XXVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Nánari upplýsingar um sögu Hæstaréttar, starfsemi, starfsfólk og dómhús réttarins má finna á heimasíðu réttarins. Þá hefur verið gefinn út á vegum réttarins litprentaður bæklingur, þar sem stiklað er á stóru í sögu réttarins, starfsemi hans reifuð og húsakostur kynntur.